



Fundur háskólaráðs 8. nóvember 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 05.11.2001 09:02:29

Dags: 08.11.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

18/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 8. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13.30.

1. Erindi til háskólaráðs

- 1.1 Lagðar fram reglur um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkrabjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands. – Samþykkt með sjö atkvæðum, en einn var á móti. Dagný Jónsdóttir lagði fram svohljóðandi bókun: „Ég undirrituð greiði atkvæði gegn inntökuprófum vegna þess próftökugjalds sem þar er boðað.”
- 1.2 Lagt fram bréf frá Maríu Jóhannsdóttur, skrifstofustjóra heimspekideildar, þar sem óskað er eftir breytingu á 1. mgr. 101. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. – Samþykkt einróma.
- 1.3 Formlegt gæðakerfi Háskólans.
Ályktun háskólafundar 1. nóvember 2001. "Deildarforsetum verði falið undir forystu rektors að ganga frá endanlegri tillögu um formlegt gæðakerfi Háskólans til háskólaráðs." – Háskólaráð staðfestir ályktun háskólafundar.
- 1.4 Starf prófessors í arkitektúr við Háskóla Íslands.
Háskólaráð telur mikilvægt að sem fyrst verði ráðið í starf prófessors í arkitektúr við Háskóla Íslands sem auglýst hefur verið. Um er að ræða frumkvöðulsstarf við að byggja upp nýtt fræðasvið og undirbúa stofnun nýrrar deildar í samræmi við 2. gr. laga um Háskóla Íslands.
Í þessu felst umtalsvert nýmæli og ljóst að leita þarf afbrigða frá ýmsum venjubundnum forsendum. Ráðið telur eðlilegt að á undirbúningstímanum og eftir því sem við á, hafi rektor með höndum það hlutverk sem stjórnnum deilda er annars falið skv. lögum og reglum um Háskólann. – Samþykkt einróma.

2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Lagt fram kynningarhefti um verklok 1. áfanga Vefkerfis Háskólans.
- 2.2 Lagt fram yfirlit yfir umsóknir og úthlutun úr Aðstoðarmannasjóði 1996 til 2001.
- 2.3 Lagður fram listi yfir ráðningar og framgangsmál 2000 – 2001.
- 2.4 Lögð fram drög að reglum raunvísindadeildar Háskóla Íslands um veitingu starfa. – Frestað.

3. Mál á dagskrá

- 3.1 Tillaga til háskólaráðs um að óskað verði eftir formlegum viðræðum við stjórnvöld um stöðu Háskóla Íslands sem ríkisháskóla.
Stefán Ólafsson dró tillögu sína, sem lögð var fram á fundi háskólaráðs 16. október sl., til baka með vísun til ályktunar háskólafundar 1. nóvember sl. um sama efni.
- 3.2 Ályktanir háskólafundar 1. nóvember 2001.

Fyrir fundinum lágu ályktanir háskólafundar 1. nóvember 2001 um skiptingu fjárveitinga og um innritunargjöld.

Málið var rætt ítarlega. Í umræðunni greindi rektor m.a. frá stöðu viðræðna milli Háskólans og ríkisins um væntanlegan rannsóknasamning. Einnig var rætt um skólagjöld og samkeppnisstöðu ríkisháskóla og einkaskóla á Íslandi. Rektor mun kynna fyrir menntamálaráðherra þau sjónarmið sem fram koma í ályktununum og óska eftir viðræðum um þau.

4. Önnur mál

4.1 Fyrirspurn Baldvins Þórs Bergssonar frá fundi háskólaráðs 25. október sl.

Stefán Ólafsson svaraði spurningum Baldvins Þórs.

Svar við spurningum 1-5: Sökum þess að hið eiginlega markaðsstarf varðandi fyrirhugaða vísindagarða er ekki hafið, hefur Háskólinn ekki haft frumkvæði að viðræðum við einstök fyrirtæki eða stofnanir um aðkomu þeirra að málinu. Í þeim tilvikum þar sem slíkir aðilar hafa spurst fyrir um málið hefur verið rætt við þá óformlega og án nokkurra skuldbindinga af hálfu Háskólans.

Svar við spurningu 6: Vísað er til minnisblaða sem rektor lagði fram á háskólafundum 1. nóvember sl., þegar hann ræddi uppbyggingu Háskólans á næstu árum.

4.2 Fyrirspurn

Rektor var spurður um framvindu máls er varðar ógildingu kandidateitritgerðar í lögfræði við lagadeild. Hann gerði grein fyrir stöðu mála.

Fleira var ekki gert
Fundu slitið kl. 15.25